



Hvar eiga vegir að liggja og hver ákveður það?

Fundur náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og
Umhverfisstofnunar 17. nóv. 2005

Sigríður Auður Arnardóttir



Laga- og reglugerðarumhverfi

- Hvað er vegur þegar rætt er um akstur utan vega?
- 3. gr. reglugerðar um akstur utan vega nr. 528/2005: “Varanlegur vegur, gata, götuslóði, stígur, húsasund, brú torg, bifreiðastæði eða þess háttar sem notað er að staðaldri til umferðar”
- Bannað er aka vélknúnum ökutækjum utan vega í náttúru Íslands, sbr. 17. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999 og 4. gr. reglugerðarinnar
- Markmið þessara reglna er að stuðla að náttúruvernd og góðri umgegni við náttúruna



Laga- og reglugerðarumhverfi

- Í aðalskipulagi skal m.a. gera grein fyrir þjóðvegum og almennum vegum, göngu- hjólreiða- og reiðstígum, sbr. gr. 4.16 í skipulagsreglugerð
- Skilgreining vega skv. skipulagsreglugerð fer skv. vegalögum: Akbraut, önnur mannvirki og land sem að staðaldri eru nauðsynleg til þess að vegur sé varanlegur, unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not
- Ekki skylt að gera grein fyrir götuslóðum í skipulagsáætlunum sveitarfélaga



Kortlagning vegakerfis

- Starfshópur sem umhverfissráðherra skipaði til að skilgreina hvaða vegir og slóðar í óbyggðum skuli teljast til vega skilaði tillögum sínum í vor
- Landmælingar Íslands ásamt Vegagerðinni hafa unnið að kortlagningu á vegakerfi landsins
- Markmiðið er að byggja upp eitt gagnasafn þar sem allir vegir og slóðar landsins eru skráðir



Kortlagning vegakerfis

- Fyrir liggur GPS staðsetning 90% vega og slóða á hálendinu
- Fara þarf kerfisbundið yfir þessa skráðu slóða og vegi og taka afstöðu til þess hvort þeir eigi að vera opnir eða lokaðir fyrir umferð og þá hluti af vegakerfinu
- Á grundvelli slíkrar vinnu er hægt að skilgreina hvað teljast vegir í skilningi náttúruverndarlaga og reglugerðar um akstur utan vega



Kortlagning vegakerfis

- Framtíðarverkefni að halda áfram að byggja upp kortagrunna Landmælinga Íslands og skrá alla vegi og slóða
- Tryggja þarf að kortagrunnurinn sé aðgengilegur og að vísað sé til hans varðandi skilgreiningu á vegum og slóðum



Tæki stjórnvalda vegna akstur utan vega

- Flokkun og skilgreiningar á skráðum vegum og slóðum þar sem skilgreint er hvar sé heimilt að aka
- Í skipulagsáætlunum væri krafa um að gerð skuli grein fyrir slóðum sem væru opnir umferð, ekki skylt í dag
- Slíkt ferli tryggir aðkomu almennings og hagsmunaaðila vegna ákvörðunartöku um staðsetningu slóða og vega
- Vegur skilgreindur nánar með tilvísun til skipulagsáætlana. Lög og reglur á þessu sviði myndu vísa í skipulagslög og skipulagsreglugerð



Hvernig verður komið í veg fyrir akstur uan vega

- Mikilvægt að gagnagrunnar séu aðgengilegir og reglur skýrar
- Fræðsla og kynning, upplýsa um afleiðingar utanvegaaksturs. Vísa til ábyrgðar og siðferðiskenndar
- Mikið átak hefur verið gert í fræðslu um þessi mál af hálfu Umhverfisstofnunar og fleiri aðila
- Árangur næst með samstilltu átaki allra aðila um að vernda náttúruna fyrir okkur og komandi kynslóðir